

Mál nr. 224/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Girðingarnet af miðeyju Breiðholstbrautar fauk á bifreið þ. 23.2.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.5.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 4.6.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var að aka bifreið sinni á Breiðholtsbraut við Suðurfell í Reykjavík þegar vindhviða olli því að laust vegrið eins og segir í lögregluskýrslu þ.e. girðingarnet, fór utan í bifreiðina og olli tjóni á henni. Fram kemur einnig í lögregluskýrslunni að við athugun hafi mátt finna að girðingarnetið var áberandi laust. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og vísar m.a. til 12.gr. og 56.gr. laga nr. 80/2007 þar sem segir m.a. að veghaldari skuli gæta þess að umferð eigi greiða leið um vegi og veghaldari beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi sem verði á vegi sem sé opinn almenningi til frjálsrar umferðar þegar tjónið megi rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið. M heldur því fram að illa hafi verið hugsað um girðingarnetið á umræddum stað af A og leggur fram tvær ódagsettar óvottfestar yfirlýsingar einstaklinga því til stuðnings. Þá segir M að umrætt girðingarnet hafi ekki verið lagað fyrr en þ. 29.3.2012. V hafnar bótaskyldu þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að tjónið verði rakið til sakar A. V vísar til þess að A segist ekki hafa vitað af þessu lausa girðingarneti og ekkert sé skráð um það hjá A eða löreglu fyrr en umrætt tjón hafði átt sér stað. V telur að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar og ólögðætrar háttsemi eða athafnaleysi af hálfu A sem hann beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að A hafi vitað af því að girðingarnet var laust áður en tjón það varð sem hér um ræðir. Þær yfirlýsingar sem M leggur fram verða ekki lagðar til grundvallar í málinu enda bæði ódagsettar og óvottfestar, auk þess sem ekkert liggur fyrir um hver aðkoma þeirra tveggja einstaklinga, sem þar um ræðir, er að málinu. Auk heldur kemur ekki fram í yfirlýsingunum að umrætt girðingarnet hafi verið laust. Gegn eindreginni neitun A á því að hafa vitað að girðingarnetið var laust verður því ekki lagt til grundvallar að hann hafi vitað um það fyrr en að umrætt tjón hafi orðið. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V þar sem ekki er sýnt fram á saknæmt eða ólögðætt athafnaleysi af hans hálfu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 26.6. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.